

SAMÞYKKTIR FYRIR FÉLAG LÓÐARHAFA AÐ KIÐJABERGI

1.gr.

Heiti félags

Félagið heitir Félag lóðarhafa að Kiðjabergi. Heimili þess er í Skipholti 70 105 Reykjavík. Varnarþing þess er hjá Hérðsdómi Reykjavíkur.

2.gr

Starfsemi félags

Félagið starfar í samræmi við 17. gr. laga nr. 75/2008 um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús. Félagssvæðið spannar jörðina Kiðjaberg í Grímsnesi og allar frístundahúsalóðir innan hennar samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir jörðina á hverjum tíma.

3.gr

Félagsmenn

Félagsmenn eru allir þeir sem hafa umráð yfir lóð undir frístundahús á svæðinu. Sama gildir um umráðamenn lóða án húss. Eigendaskipti skal tilkynna stjórn félagsins.

4.gr

Hlutverk og tilgangur

Hlutverk og tilgangur félagsins:

1. Vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunum félagsmanna á félagssvæðinu.
2. Stuðla að og standa fyrir sameiginlegum framkvæmdum félagsmanna á félagssvæðinu, svo sem lagningu og viðhaldi akvega og göngustíga innan svæðis, gerð og rekstur á sameiginlegum svæðum í frístundabyggðinni, svo sem leiksvæðum og bílastæðum, gerð og rekstur á sameiginlegum aðveitum og fráveitum og gerð og viðhald sameiginlegrar girðingar um svæðið.
3. Stuðla að og fylgjast með góðri umgengni og náttúrvernd á félagssvæðinu.
4. Vinna að auknu öryggi á félagssvæðinu.
5. Að setja almennar samskipta- og umgengnisreglur innan frístundabyggðarinnar.

5.gr

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skipa 3 einstaklingar úr hópi félagsmanna, sem kjörnir eru til eins árs í senn á aðalfundi. Formaður skal kjörinn sérstaklega en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum þannig að einn sé ritari og einn gjaldkeri. Einnig skal kjósa 2 varamenn. Boða skal varamann til stjórnarfundar þegar aðalmaður boðar forföll eða þegar stjórnarmaður óskar þess. Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem honum þykir þörf á eða þegar meðstjórnendur óska þess.

6.gr

Aðalfundur

Aðalfundur skal halda árlega fyrir 1.apríl. Fer hann með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal stjórnin boða bréfliga til félagsmanna(tilgreindra umráðamanna frístundalóða á félagssvæðinu) með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Boða má fund með tölvubréfi á það pósthöfn sem umráðamaður hefur látið í té og telst það fullnægjandi svo fremi að ekki komi boð um það til sendanda að tölvubréfið hafi ekki komist til skila. Í fundarboði skal tilgreina fundartíma, fundarstað og dagskrá. Þá skal geta þeirra mála sem ræða á og samantekt á efni þeirra tillagna sem leggja á fyrir fundinn.

Fundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað og ef minnst þriðjungur félagsmanna sækir fundinn. (Sjá þó ákvæði 18.gr). Ef tilskilinn fjöldi félagsmanna mætir ekki á löglega boðaðan fund skal hann endurtekinn eftir skriflega boðun, með að lágmarki viku fyrirvara, og telst hann þá lögmætur með þeim fjölda félagsmanna, sem mætir í seinna skiptið.

Dagskrá aðalfundar er sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá .
3. Kosning formanns.
4. Kosning annarra stjórnarmanna.
5. Kosning varamanna.
6. Kosning skoðunarmanns reikninga og varamanns hans.
7. Framlagning rekstrar-og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár.
8. Ákvörðun um árgjald til félagsins.
9. Mál, sem tiltekin eru í fundarboði.
10. Önnur mál.

Hafi stjórn ekki boðað til aðalfundar 1. október er þeim félagsmönnum sem vilja halda aðalfund heimilt að boða hann í samræmi við 1. mgr og kjósa nýja stjórn sem telst réttkjörin í stað fyrri stjórnar.

7.gr

Atkvæði

Eitt atkvæði fylgir hverri lóð undir frístundahús og fer tilgreindur umráðamaður með atkvæðisréttinn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála annarra en þeirra, sem fjallað er um í 10. gr. og 18. gr.

8.gr

Skipting kostnaðar og lögveð

Kostnaður skiptist að jöfnu og ræðst af fjölda lóða undir frístundahús á félagssvæðinu. Umráðamanni lóðar undir frístundahús er skilt að greiða sinn hluta kostnaðar, sem hlýst af ákvörðun sem löglega hefur verið tekin. Greiði félagsmaður ekki hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði og í félagssjóð á gjalddaga eignast félagið lögveð í eign hans á félagssvæðinu, þ.m.t. í leigulóðasamningi, til tryggingar kröfunni. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta. Lögveðinu skal fylgja eftir með lögsókn eða því lýst við nauðungarsölu innan 1 árs frá stofnun þess. Viðurkenning eiganda utan réttar nægir ekki til að rjúfa fyrningu.

9.gr.

Fundarseta

Rétt til fundarsetu á félagsfundi og aðalfundi hafa félagsmenn, makar þeirra og sambúðaraðilar og aðrir meðeigendur. Sambúðaraðili í skilningi samþykktu þessara er einstaklingur, sem er í skráðri sambúð með leigutaka eða umráðamanni lóðar undir frístundahús á svæði félagsins. Félagssmaður má veita sérhverjum löggráða manni umboð til að mæta á fundi og greiða atkvæði fyrir hans hönd. Skal umboðsmaður leggja fram á fundinum skriflegt og dagsett umboð. Slíkt umboð má hvenær sem er afturkalla. Séu tveir eða fleiri leigjendur eða eigendur að lóð skulu þeir tilkynna stjórn félagsins hver er umráðamaður hennar samkvæmt samþykktum þessum og fer með atkvæðisrétt, fær fundarboð og kröfu um greiðslu gjalda til félagsins.

10.gr

Sérstaka ákvarðanir

Ef lögð er fram tillaga á fundi félagsins skv. auglýstri dagskrá í fundarboði um að ráðast í framkvæmdir eða stofna til kostnaðar sem leiðir til útgjalda, sem eru umfram venjulegan rekstrarkostnað félagsins, skal sú tillaga talin samþykkt, hljóti hún samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og minnst þriðjungur félagsmanna sækir fundinn.

11.gr

Félagsstjórn

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin getur boðað til félagsfunda eins oft og þurfa þykir. Til funda skal boða bréflega með tveggja vikna fyrirvara á sama hátt og aðalfund og skal fundarefni tilgreint ótvírætt í fundarboði. Skyld er að boða til félagsfundar ef þriðjungur félagsmanna krefst þess skriflega. Stjórnin getur ekki bundið félagsmenn fjárhagslega.

12.gr

Gerðarbók

Stjórn félagsins skal halda gerðarbók yfir bæði stjórnarfundum og félagsfundum þar á meðal aðalfundum. Í fundargerðarbók skal skrá yfirlit yfir allt sem gerðist á viðkomandi fundum og ákvarðanir hans. Fundargerð skal lesin upp í hver fundarlok eða á næsta fundi. Fundargerðin skal undirrituð af fundarritara og fundarstjóra. Fundargerðin er síðan full sönnun þess sem fram fór á fundinum. Sama gildir um fundi stjórnar. Á fundum félagsins skulu allir félagsmenn og umboðsmenn þeirra, sem sitja fund skrá nafn sitt í fundarsóknarbók og tilgreina fyrir hvaða lóð eða frístundahús þeir sitja fundinn.

13.gr.

Nefndarskipun

Stjórninni er heimilt að skipa sérstakar nefndir, ef henni þykir ástæða til þess.

14.gr

Gjalddagi

Gjalddagi árgjalds skv. 6. gr. skal vera 1. júlí ár hvert og eindagi 30 dögum síðar. Gjalddagi framkvæmdagjalds, sem ákvarðað er skv. 10. gr. skal tilgreint við samþykkt þess.

15.gr

Reikningsárið

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

16.gr

Slit félagsins

Ef ekki eru lengur til staðar forsendur fyrir tilvist Félags lóðarhafa að Kiðjabergi sbr. 1 mgr. 17. gr. laga nr 75/2008 má slíta því með einföldum meirihluta á félagsfundum og ákveður fundurinn ráðstöfun eigna sem félagið kann að eiga. Boða skal þá sérstaklega til fundarins vegna tillagna um niðurlagningu félagsins.

17.gr

Þinglýsing samþykktu

Stjórn félagsins skal hlutast til um það að samþykktum þessum verði þinglýst á allar fasteignir, lóðir og lóðasamninga, sem tilheyra félagssvæðinu svo og breytingum sem kunna að verða gerðar á samþykktum þessum.

18.gr

Breytingar á samþykktum þessum

Breytingar á samþykktum þessum verða aðeins gerðar á aðalfundi. Tillaga um breytingu verður því aðeins tekin til afgreiðslu að hún hafi verið kynnt í aðalfundarboði og hljóti minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og minnst helmingur félagsmanna sæki fundinn.

19. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi við samþykkt þeirra á aðalfundi félagsins 13. mars 2010 og jafnframt falla við það úr gildi Lög félags lóðarhafa að Kiðjabergi frá árinu 2004.

Samþykkt fyrst einróma og mótaskvæðalaust á lögmætum aðalfundi Félags lóðarhafa að Kiðjabergi 13. mars 2010 og síðan með breytingum á 4. og 8. grein á aðalfundi Félags lóðarhafa að Kiðjabergi 20. mars 2013.

Jóns B. Helgason. 020652-2339.
Jón V. Cudrússon 260248-2009
Ragnvaldur Jónsson. 170950-3139

